

Mál nr. 279/2018

**M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns
og ábyrgðartryggingar ökutækis A**

Umferðaróhapp 30.12.2017 í Kömbum í Árnessýslu, orsakatengsl vegna líkamstjóns.

Gögn.

Málskot, móttækið 14.9.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
Bréf V, dags. 26.9.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M voru í bifreiðinni A þegar hún fór út af veginum í hálfu. M leituðu til læknis samdægurs og gera kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr slysátryggingu ökumanns og ábyrgðartryggingu A. M segist hafa ekið á um 80 km. hraða þegar A byrjaði að rása í hálfkunni. M segir það verkefni matsmanna að meta hvort orsakatengsl vegna varanlegs líkamstjóns séu til staðar. V hafnar bótaskyldu og segir takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um tjón á A og áverkavottorð sé ekki í samræmi við framburð vitnis af atvikinu. Þá mótmælir V lýstum einkennum M í áverkavottorði og bendir á að lögregla hafi ekki verið kölluð á vettvang. V telur miðað við gögn málsins ósannað, að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Vitni sem ók á eftir A segir að A hafi runnið í fyrstu beygju í Kömbum og lent utan vegar. Þegar að var komið hafi ökumaður sagt að allt væri í lagi og stúlka sem sat í framsætinu hefði verið með fætur upp á mælaborði og pikkað á síma. M segist hafa hjálpað til að koma A upp á veginn aftur og ætlaði ökumaður A að aka varlega niður Kambana að sögn vitnisins.

Álit.

Lögregla var ekki kölluð til og ekki hefur verið sýnt fram á að tjón hafi orðið á A við útafaksturinn. Vitni sem sá þegar A lenti utan vegar og kom að, ber að ökumaður hafi sagt að allt væri í lagi. M leituðu bæði til læknis sama dag og umferðaróhappið varð og voru ekki staðreynd nein líkamsmeiðsl við þá læknisskoðun og raunar ekkert annað en framburður þeirra beggja af líðan sinni. Miðað við þau takmörkuðu gögn sem fyrir liggja þá er ósannað að orsakatengsl séu á milli útafakstursins og meints líkamstjóns M og eiga þau því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns eða ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns eða ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23.10.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.